

SKIPULAGSSKRÁ

Gerðuminningar, minningarsjóðs um Þorgerði Þorvarðsdóttur húsmæðrakennara.

Sjóðurinn er gefinn til minningar um Guðríði Þorgerði Þorvarðsdóttur, af vanda-
mönnum hennar og vinum, og var 31. maí 1951 rúmar tuttuguguogfimmþúsund krónur.

Þorgerður fæddist að Stað í Súgandafirði 27. september 1916 og fórst í flugslysinu
mikla við Hédinsfjörð, 29. maí 1947.

Hún tók próf frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1934 og vann síðan skrifstofustörf
þar til hún fór í Húsmæðrakennaraskóla Íslands 1942 og lauk húsmæðrakennaraprófi
1944. Hún kenndi við Austurbæjarskólann 1944-45, var við framhaldsnám í Minnesóta-
háskóla í Bandaríkjunum 1945-46 og fór í námsferð til Englands og Norðurlanda haustið
1946.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gerðuminning og er til minningar um Guðríði Þorgerði Þorvarðs-
dóttur húsmæðrakennara. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn var hinn 31. desember 1993 kr. 437.272,49.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til framhaldsnáms eða sérstakra verkefna efnalitla
hússtjórnarkennara eða kennara (B. ed.) með hússtjórn sem valgrein enda hafi þeir kynnt
sig að áhuga og dugnaði í námi og starfi.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu þriggja manna sjóðstjórnar. Hana skipa
hússtjórnarkennari eða lektor hússtjórnarsviðs Kennaraháskólans, fulltrúi Hússtjórnar-
kennarafélagsins, kosinn á aðalfundi þess til fjögurra ára og einhver ættingja Þorgerðar
Þorvarðsdóttur, tilnefndur af þeim. Sjóðstjórnin skiptir þannig með sér störfum að einn
er formaður, annar gjaldkeri og þriðji ritari. Stjórnin velur sér tvo varamenn. Þá skal
boða á hvern fund og hafa þeir tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema þeir taki sæti
aðalmanns.

5. gr.

Sjóðstjórnin skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum er ábyrgð ríkissjóðs fylgir
eða á annan öruggan hátt er hún telur heppilegt hverju sinni. Sjóðinn má efla með
minningargjöfum og öðrum framlögum sem sjóðstjórnin samþykkir. Reikningsárið er
almanaksárið og skal senda reikninginn Ríkisendurskoðun fyrir 30. júní ár hvert og birta
hann einnig með ársreikningum Hússtjórnarkennarafélagsins.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Helming vaxta skal leggja við höfuðstólinn þangað til sjóðurinn nemur krónum 500.000,00. Eftir það skal leggja 1/10 vaxta við höfuðstólinn. Þá má færa út starfssvið sjóðsins ef ástæða þykir til en hann skal þó fyrst og fremst vera styrktarsjóður. Komi það fyrir eitthvert ár að ekki sé veittur styrkur úr sjóðnum eða eigi svo hár sem leyfilegt er, skulu vextir þeir sem til útborgunar koma en eigi er úthlutað lagðir við höfuðstólinn eða bætt við úthlutun næsta árs eftir ákvörðun sjóðstjórnar, en þá lagðir við höfuðstól sé ekki úthlutað á því ári.

7. gr.

Styrkinn skal auglýsa með tilkynningu í Kennaraháskóla Íslands og í fréttabréfi Hússtjórnarkennarafélags Íslands að hausti ár hvert. Umsóknir um styrk úr sjóðnum ber að senda formanni sjóðstjórnar fyrir janúarlök ár hvert og er fjallað um þær á fundi sjóðstjórnar. Úthlutun á styrk skal fara fram fyrir 10. mars hið sama ár. Eigi má veita sömu manneskju styrk oftari en þrisvar sinnum.

8. gr.

Verði Hússtjórnarkennarafélag Íslands lagt niður getur stjórn sjóðsins ákveðið hvernig sjóðnum skuli varið. Þó skal ráðstafa sjóðnum þannig að hann stuðli að því að efla hússtjórnarfræðsluna í landinu.

9. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari enda sé hún einhuga um breytinguna.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár Gerðuminningar frá 1951.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir verðlaunasjóð Guðmundar P. Bjarnasonar frá Sýruparti, Akranesi.

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að auka áhuga og iðni við nám í grunnskólum Akraness, með því að verðlauna þá nemendur, sem fá hæstu einkunn við burtfararpróf úr Brekkubæjarskóla og Grundaskóla.